



## E R I N D I S B R É F

### Starfshópur um upplýsingatæknimál Reykjavíkurborgar

#### Ábyrgðarmaður:

Stefán Eiríksson, borgarritari.

#### Hlutverk:

Ákvarðanir um nýtingu upplýsingatækni og þróun hennar geta vegið þungt varðandi gæði og hagkvæmni í þjónustu borgarinnar. Afköst starfsmanna, gæði upplýsinga, aðgengileiki upplýsinga, aðgengileiki að þjónustu o.m.fl. ræðst af þeim tæknibúnaði og lausnum sem Reykjavíkurborg nýtir. Ljóst er að arður af upplýsingatækni er mikill og í nýtingu hennar liggja fjölmög tækifæri til hagræðingar og bættrar þjónustu.

Hlutverk starfshópsins er að stuðla að því að upplýsingatæknirekstur Reykjavíkurborgar styðji við markmið og þarfir borgarinnar og jafnframt að hafa yfirsýn og þekkingu á upplýsingatæknimálum hennar. Starfshópurinn fjalli þannig um, taki afstöðu til, fylgi eftir og styðji við stærri verkefni er snúa að upplýsingatæknirekstri. Hópurinn fjalli einnig um stefnumarkandi ákvarðanir í upplýsingatæknimálum.

Hópurinn hafi viðeigandi stefnumótunarskjöl borgarinnar til hliðsjónar í störfum sínum og horfi ávallt til heildarhagsmunu Reykjavíkurborgar í vinnu sinni.

#### Helstu verkefni:

- Að fjalla um, taka afstöðu til og leggja til forgangsröðun stærri ákvarðana og álitamála er varða upplýsingatæknirekstur og -þróun
- Að styðja við innleiðingu upplýsingatækniverkefna og vinna þeim brautargöngu innan borgarinnar.
- Að fjalla um stefnumörkun í upplýsingatæknimálum m.t.t. hvort hún samræmist stefnum og markmiðum borgarinnar.
- Að veita umsögn um meiriháttar breytingar í upplýsingatæknirekstri.
- Að fjalla um stefnuskjöl er lúta að upplýsingatækni, s.s. nýtingu upplýsingatækni, upplýsingatæknistefnu og gagnastefnu svo eitthvað sé nefnt.

#### Fulltrúar í starfshópnum:

Jón Ingi Þorvaldsson, UTD - formaður  
Skrifstofustjóri FMS eða staðgengill  
Skrifstofustjóri SBB eða staðgengill  
Skrifstofustjóri MAN eða staðgengill  
Skrifstofustjóri SBS eða staðgengill  
Skrifstofustjóri SEA eða staðgengill  
Skrifstofustjóri SÞR eða staðgengill  
Sviðsstjóri USK eða staðgengill  
Sviðsstjóri SFS eða staðgengill


Sviðsstjóri VEL eða staðgengill  
Sviðsstjóri MOF eða staðgengill  
Sviðsstjóri ÍTR eða staðgengill  
Borgarlögmaður eða staðgengill

**Starfsfólk:**  
Aðili frá UTD

Starfshópurinn getur leitað eftir ráðgjöf til starfsfólks borgarinnar og annarra fagaðila vegna afmarkaðra verkefna.

**Starfstími:**  
Starfshópurinn er skipaður til tveggja ára í senn. Í september 2019 verður hlutverk og samsetning starfshópsins endurmetin.

Reykjavík, 1. september 2017



Stefán Eiríksson